Lífræn framleiðsla – Viðbrögð við alvarlegum frávikum

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
Byrjun		
1. Tilkynning um alvarlegt frávik eða grun þar um	Málakerfi	1. Fagsviðsstjóri lífrænnar ræktunar stofnar mál í málakerfi MAST með málalykil 5.7.1. Öll gögn og samskipti eru vistuð í málinu. Frávikið er metið. Leita skal frekari upplýsinga hjá vottunarstofu ef þarf. Hefur frávikið verið rannsakað nægjanlega? Hafa sýni verið tekin? Hver hafa viðbrögð rekstraraðila verið? Hvaða úrbætur hafa verið gerðar? Setti Vottunarstofa bann á markaðssetningu með vísan í lífrænar framleiðsluaðferðir? Svipti Vottunarstofa vottun af hluta framleiðslu eða svipti framleiðanda vottun? Stuðst er við leiðbeiningarskjalið ´Ráðstafanir vegna frávika í lífrænni framleiðslu´, sem nálgast má á heimasíðu MAST. Ákvörðun tekin um hvort farið er í innköllun í samræmi við LBE-144 Innköllun matvæla, fóðurs og matvælasnertiefna.
2. Andmælabréf	Málakerfi	2. Ef vottunarstofa hefur þegar svipt fyrirtækið vottun er málinu vísað til lögfræðings MAST sem sendir framleiðanda andmælabréf og boðar mögulega sviptingu starfsleyfis byggt á aðgerðum Vottunarstofu. Andmæli metin ef þau berast og ákvörðun tekin í framhaldi af því.
3. Vörur teknar af markaði	Tilkynning	3. Vottunarstofa fylgir því eftir að vörur fari ekki lengur frá framleiðanda merktar lífrænni vottun eða Evrópulaufi. Vottunarstofa, í samráði við MAST, sker úr um hvaða lotur, þ.e. hversu langt aftur, eru sviptar vottun. Innköllun framkvæmd í samræmi við LBE-144 Innköllun matvæla, fóðurs og matvælasnertiefna.
4. Tilkynning í OFIS og / eða RASFF	Málakerfi	4. Vottunarstofa staðfestir lista yfir þær lotur sem hafa farið í útflutning og eru sviptar vottun. Ef framleiðandi sem missir vottun og í kjölfarið starfsleyfið, er í útflutningi, tilkynnir fagsviðsstjóri lífrænnar ræktunar sviptingu vottunar/starfsleyfis í gegnum OFIS (Organic Farming Information System). Skoða hvort ástæða sé til að senda í RASFF.
5. Frágangur máls	Málakerfi	5. Ákvörðun tekin um lok máls ef staðfest er að úrbætur hafi verið gerðar, eða innköllun vara og/eða sviptingu starfsleyfis og eftirfylgni er lokið. Lögfræðingurinn lokar málinu og upplýsir aðila máls og forstöðumann fagsviðs um niðurstöðu. Hann upplýsir jafnframt umráðamann með formlegum hætti um lok máls.
Endir		